

# REIKNINGUR

## Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011.

### Rekstrarreikningur árið 2011

	<b>þús. kr.</b>
<b>Tekjur</b>	
Framlag ríkissjóðs .....	14.258.351
Framlag sveitarfélaga .....	14.402.456
Önnur framlög .....	<u>473.800</u>
Tekjur alls	<u>29.134.607</u>
 <b>Framlög</b>	
Bundin framlög .....	1.374.810
Sérstök framlög .....	5.785.083
Jöfnunarframlög .....	7.236.295
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla .....	6.722.284
Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra .....	<u>8.420.717</u>
Framlög alls	<u>29.539.189</u>
 <b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	3.093
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>63.180</u>
Rekstrarkostnaður samtals	66.273
Eignakaup .....	<u>0</u>
Framlög og gjöld alls	<u>29.605.462</u>
 Rekstrarhalli .....	( 470.855)
Hreinar fjármagnstekjur .....	<u>117.102</u>
 Tekjuhalli/afgangur ársins .....	<u>( 353.753)</u>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2011

<b>Eignir</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>	
Ríkissjóður .....	0
Áfallnar vaxtatekjur .....	121.001
Aðrar skammtímakröfur .....	<u>605.789</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>726.790</u>
 Handbært fé:	
Bankareikningar .....	<u>1.308.255</u>
 <b>Eignir alls</b>	<u>2.035.045</u>
 <b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>291.921</u>

Nr. 247/2014

**Skammtímaskuldir:**

Ríkissjóður .....	134.321
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	24.201
Ógreidd framlög .....	638.706
Aðrar skammtímaskuldir .....	945.896
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.743.124</u>
Skuldir samtals	<u>1.743.124</u>

**Skuldir og eigið fé alls**

2.035.045

**Sjóðstreymi árið 2011**

**Rekstrarhreyfingar**

*Veltufé frá rekstri:*

Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 353.753)
Veltufé frá rekstri	( 353.753)

*Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun .....	( 536.018)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .....	( 36.672)
	( 572.690)

**Handbært fé frá rekstri** ( 926.443)

**Fjármögnunarhreyfingar**

*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs .....	( 14.258.351)
Greitt úr ríkissjóði .....	14.630.860
	372.509

Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....

( 553.934)

Handbært fé í ársbyrjun .....

1.862.189

Handbært fé í árslok .....

1.308.255

**Staðfesting ársreiknings**

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2011 var tekjuhalli Jöfnunarsjóðsins 353,8 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.035,0 m.kr., skuldir 1.743,1 m.kr. og eigið fé 291,9 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Reykjavík, 18. september 2012.

**Ögmundur Jónasson**  
innanríkisráðherra.

*Guðmundur Bjarnason,*  
formaður ráðgjafarnefndar  
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

*Ríkisendurskoðun, 18. september 2012.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

*Sigurgeir Bóasson*  
endurskoðandi.